

Reglur um úthlutun menningarstyrkja Múlapings

Hlutverk

1. gr.

Byggðaráð Múlapings auglýsir styrki til menningarstarfs og úthlutar þeim samkvæmt reglum þessum. Framlag til úthlutunar er ákveðið við gerð fjárhagsáætlunar Múlapings.

Faghópur fer yfir umsóknir og leggur fyrir byggðaráð til samþykktar.

Faghópurinn er skipaður atvinnu- og menningarstjóra, verkefnastjóra menningarmála, aðila úr byggðaráði, aðila úr ungmennaráði, aðila úr fjölskylduráði.

Verkefnastjóri menningarmála annast umsýslu, tekur við umsóknum í gegnum íbúgátt Múlapings og annast samskipti við umsækjendur.

Styrkúthlutanir

2. gr.

Múlaping veitir menningarstyrki til einstaklinga, hópa, félagssamtaka, fyrirtækja og stofnana til almennrar liststarfsemi eða -verkefna. Byggðaráð getur ákveðið sérstakar áherslur við styrkúthlutun hverju sinni og verða þær þá að koma fram í auglýsingu. Styrkir eru einungis greiddir út á því ári sem þeir eru veittir og færast ekki á milli ára nema sérstaklega sé um það samið.

Styrkupphæð getur aldrei numið meira en 50% af heildarkostnaði verkefnisins.

Verkefni telst ekki lokið fyrr en lokaskýrslu á framkvæmd er skilað.

Við auglýsingu á viðburði skal styrkþegi láta styrkveitingu Múlapings koma fram.

Verkefnastyrkir

3. gr.

Sótt skal um styrki til menningarverkefna á þar til gerðu eyðublaði þar sem m.a. eftirfarandi kemur fram:

- lýsing á verkefninu og gildi þess fyrir menningarlífið í Múlapingi
- verk- og tímaáætlun um framkvæmd þess
- fjárhagsáætlun verkefnisins og fjármögnun þess
- upphæð sem sótt er um

Ekki er styrkt til náms, reksturs eða viðhalds á húsnæði.

Byggðaráð Múlaþings auglýsir styrki til menningarstarfsemi tvisvar sinnum á ári til þess að efla menningarlífi í sveitarfélaginu. Fyrri úthlutun verður auglýst í nóvembermánuði ár hvert með úthlutun eigi síðar en í lok janúar. Seinni úthlutun skal auglýst í ágúst mánuði ár hvert með úthlutun eigi síðar en í lok september. Umsóknarfrestur sé að lágmarki 3 vikur.

Í einstaka tilvikum getur sveitarfélagið gert langtíma samninga við einstaklinga, menningarstofnanir, félög og listahópa sem sannað hafa gildi sitt í menningarlífi í Múlaþingi eða geta með skýrum hætti sýnt fram á gildi starfs síns. Langtímasamningar verði gerðir vegna verkefna eða viðburða.

Úthlutun í janúar er 80% af heildarúthlutunarfé og úthlutun í ágúst er 20% af úthlutunarfé hvers árs.

Mat á umsóknum

4. gr.

Við mat á umsóknum er horft til eftirfarandi þátta:

- Hvernig verkefnið / starfsemin auðgar menningarlífið í Múlaþingi og hvernig fjármunirnir nýtast í því samhengi.
- Hversu raunhæf verk- og tímaáætlun er og hversu líklegt er að verkið verði framkvæmt.
- Hversu raunhæf fjárhagsáætlun er.
- Gæða, vinnslu og framsetningar umsóknar, sýnar umsækjanda og faglegra vinnubragða.
- Úthlutanir endurspegli breidd, nýmæli og framsækni og að endurnýjun eigi sér stað í hópi styrkþega.
- Að umsókn fylgi ársreikningur eða fjárhagsyfirlit fyrir síðasta starfsár og fjárhagsáætlun fyrir það næsta (eftir því sem við á).
- Ef styrkhafi hefur fengið menningarstyrk áður er gerð krafa um að lokaskýrslu fyrri verkefna hafi verið skilað.
- Umsækjendur um menningarstyrk geta ekki fengið úthlutað menningarstyrk tvisvar á sama ári fyrir sama verkefni.

Byggðaráð Múlaþings áskilur sér rétt til að hafna umsóknum.

Umsækjendur um styrk verða að tengjast Múlaþingi með búsetu, eða með því að viðburðurinn fari fram í Múlaþingi eða feli í sér kynningu á menningarstarfsemi Múlaþings.

Samkvæmt 21. grein Stjórnsýslulaga þarf ekki að rökstyðja ákvörðun um úthlutun styrkja á sviði lista og menningar.

Samþykkt af Byggðaráði Múlaþings 21. nóvember 2023.